

Fundargerð hreppsnefndar 05. febrúar 2015

Fundur nr. 15 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 05. febrúar 2015 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Stefán Grímur Rafnsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Friðrik Óli Atlason, Bárður Jónasson, Hrund Snorradóttir og Magnús Þór Róbertsson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerðir:

a. Fræðslunefndar dags. 10. janúar 2015

Hreppsnefnd fagnar hugmyndum um mótun skólustefnu og felur sveitarstjóra að ræða við fræðslunefnd um framkvæmd vinnunnar. Samþykkt samhljóða. Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

b. Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 27. janúar 2015

Hreppsnefnd leggur til að hámarkshraði í þéttbýlinu verði 40 km./klst. Skoðað verði í samráði við skipulags- og umhverfisnefnd á hvaða götum hraði verði minnkaður frekar. Samþykkt samhljóða. Hrund Snorradóttir leggur eftirfarandi til með hliðsjón 3. og 4. tl. í fundargerð: „Ég legg til að skipulags- og umhverfisnefnd Vopnafjarðarhrepps verði falið að endurskoða samþykkt nefndarinnar með það að leiðarljósi að fela byggingafulltrúa fullnaðarákvörðun mannvirkjamála skv. lögum og nýjum samþykktum, og einfalda um leið stjórnsýsluna fyrir íbúa sveitarfélagsins“. Samþykkt samhljóða. Fundargerðin síðan samhljóða samþykkt.

c. Stjórnar SSA dags. 19. og 23. september, 22. október, 27. nóvember, 15. desember 2014 og 21. janúar 2015

Lagt fram til kynningar.

2. Almenn mál:

a. Umhverfisstofnun dags. 8. janúar 2015

Lagt fram til bókunar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 16:45.